

## Seinkun á starfsmati verkfræðinga, tæknifræðinga og byggingafræðinga

---

**Frá** : margret@samband.is  
**Heiti** : Seinkun á starfsmati verkfræðinga, tæknifræðinga og byggingafræðinga  
**Málsnúmer** : 2016040008  
**Málsaðili** : Akureyrarbær - stjórnslusvið  
**Skráð dags** : 17.05.2018 13:19:01  
**Höfundur** : Margrét Sigurðardóttir

Til framkvæmdastjóra, mannauðsstjóra og launafulltrúa sveitarfélaga og stofnana þeirra

Í kjarasamningum við Verkfræðingafélag Íslands (félag verkfræðinga og tæknifræðinga) og Stéttarfélag byggingafræðinga sem samþykktu innleiðingu starfsmats vorið 2016, var gert ráð fyrir því að starfsmatsniðurstöður yrðu tilbúnar 1. júní 2018 og að störf myndu raðast samkvæmt starfsmati í launatöflu IV.

Staðan er sú að mat á störfum samkvæmt starfsmati hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir í kjarasamningum.

Það liggur því fyrir að innleiðingarferli starfsmats fyrir félagsmenn VFÍ og SFB hjá sveitarfélögum verður ekki lokið fyrir 1. júní 2018.

Til að bregðast við þessum aðstæðum hafa samningsaðilar orðið sammála um eftirfarandi:

Frá 1. júní 2018 gildir bráðabirgðaröðun starfa áfram þar til starfsmatsniðurstaða og ný launaröðun liggur fyrir.

Launatafla fyrir bráðabirgðaröðun starfa hækkar um 3,4% frá 1. júní 2018 samanber meðfylgjandi launatöflu, launatafla III-A, sjá einnig á heimasíðu sambandsins.

Þrátt fyrir tafir á upptöku starfsmats mun starfsmatsniðurstaða sem leiðir til hækkunar launa, gilda frá 1. júní 2018 samkvæmt launatöflu starfsmatsfélaga. Stefnt skal að því að innleiðingu starfsmats verði lokið eigi síðar en 31. desember 2018.

Allar frekari upplýsingar veita starfsmenn kjarasviðs hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Með bestu kveðju,

image001.gif

Margrét Sigurðardóttir

sérfræðingur á kjarasviði

Beint innval: 515 4913

Netfang: margret.sigurdardottir@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

[www.samband.is](http://www.samband.is)

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar

sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.